

128. löggjafarþing 2002–2003.
Þskj. 621 — 324. mál.

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Vilhjálmi Egilssyni, Einari K. Guðfinnssyni,
Árna R. Árnasyni og Gunnari Birgissyni.

Við 13. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, II, sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 8. tölul. 31. gr. laganna er einungis heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa sem mynduðust í rekstri á árinu 1994 og síðar og yfirfæranleg eru samkvæmt lögum frá skattskyldum tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns vegna rekstrarársins 2003.